

## FREYR SEST Í HLIÐSKJÁLFI

Morgunninn var drungalegur og regnský á himni. Freyr stóð utan við Valhöll og horfði í kringum sig. Goðin voru úti um hvippinn og hvappinn, Þór í austri að berja tröll og Óðinn í heimsókn hjá völvu sem hann vildi fræðast af. Einherjar voru þó mættir á vellinum og börðust af sama kappi og venjulega með hávaða og vopnabraki.

– Þeim væri nær að rækta jörðina, tautaði Freyr og gekk inn í Valhöll.

Freyr gekk herbergi úr herbergi en hvergi var nokkur sála og allt í einu var hann kominn að sjálfu hásætinu, Hliðskjálf. Þar hafði hann aldrei setið enda var það ekki ætlað öðrum en Óðni.

– Héðan á að sjást á heimsenda, sagði hann við sjálfan sig. Löngunin til að horfa yfir heiminn blossaði upp í honum. Enginn mundi sjá að hann tyllti sér í hásætið smástund og hvaða skaða gat það valdið úr því að Óðinn var ekki að nota það sjálfur?

Dálitla stund átti hann í harðri baráttu við sjálfan sig en svo sigraði freistingin. Hann gekk upp tröppurnar og settist. Veröldin blasti við og hann sá alla leið suður í Múspellsheim þar sem logarnir léku um þursana. Þarna var Surtur sem Óðinn hafði sagt að yrði Frey að bana í Ragnarökum. Freyr hvessti augun á hann. Víst var hann mikill og ljótur og eldglæringar dönsuðu um hann. En Freyr mundi bara grípa sverðið sitt og ráðast á hann. Þetta sverð var ekkert venjulegt. Það barðist sjálft og hann þurfti ekkert að gera nema að halda í það. Hann treysti því að það mundi sigra þennan þurs.

Svo leit hann norður til Jötunheima og stansaði við Gymisgarða þar sem skessan Angurboða og Gymir bjuggu. Þar var myndarlega byggt og allt í einu sá hann að ung kona gekk heim að stærsta húsinu. Hann greip andann á lofti, þessi kona var svo falleg að annað eins hafði hann aldrei séð.

Hann gat ekki slitið augun af henni. Þegar hún kom að útidyrnum lyfti hún höndunum til að opna. Birtan flæddi af örmum hennar og lófum, skýin gufuðu upp og allt varð skínandi tært og fagurt. Svo gekk hún inn í húsið, lokaði á eftir sér og aftur dimmdi.

Freyr steig niður úr hásætinu og reikaði heim til sín. Hann lokaði að sér og neitaði að tala við nokkurn mann, vildi hvorki borða né drekka og gat ekki sofið þó að hann væri örþreyttur. Hann var á valdi einhverra töfra sem hann réð ekki við og grunaði að honum væri að hefna fyrir að setjast í Hliðskjálf í óleyfi.

Njörður, faðir hans, frétti af þessu og leist ekki á blikuna. Hann hafði samband við Skírni, þjón Freys, og bað hann að tala við soninn og reyna að fá botn í málið. Skírnir fór til Freys og spurði hvað gengi að honum. Freyr stundi þungan en sagði honum svo hvers kyns var.

– Þú verður að fara og biðja þessarar konu fyrir mína hönd. Mér er sama hvað faðir hennar segir, ég vil bara fá hana hingað til mín.

Hvað voru Einherjar að gera á vellinum? \_\_\_\_\_

Hvað fannst Frey að þeir ættu frekar að gera? \_\_\_\_\_

---

---

Hver bjó í Múspellsheimi? \_\_\_\_\_

---

---

Að hvaða leyti var sverðið hans Freys sérstakt? \_\_\_\_\_

---

---

Hvað gerðist þegar unga konan sem Freyr sá lyfti höndunum?

---

---

Hvað hét faðir Freys? \_\_\_\_\_

---

---

Hvern sendi hann til að tala við Frey? \_\_\_\_\_

---

---

Hvað vildi Freyr að hann gerði? \_\_\_\_\_

---

---